# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.**

*Breyting á deiliskipulagi verksmiðjusvæðisins á Gleráreyrum – framhjáhlaup á Þórunnarstræti.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 2. október 2018 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir verksmiðjusvæðið á Gleráreyrum.

Breytingin felur í sér að gert er ráð fyrir framhjáhlaupi á Þórunnarstræti til suðurs (til hægri) inn á Glerárgötu auk breytinga á göngustígum, gangbrautum og umferðareyjum. Þá eru skipulagsmörk einnig aðlöguð að deiliskipulagi Norður-Brekku og deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 10. október 2018,*

**Margrét M. Róbertsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 26. október 2018